

Minnisblað – verkefni í stafrænni þróun

Dagsetning 17.2.2022	Viðtakendur Bæjarstjóri, bæjarritari og upplýsingastjóri
-------------------------	---

Verkefni nr.	Verkefni sem lagt er til að farið verði í	Tímalína – áætlað og raun	Áætlaður kostnaður
1.	Fjölskyldugarðar – matjurtagarðar Kerfi hannað þar sem fólk sér staðsetningu matjurtagarða á 3 stöðum í Garðabæ á korti, velur sér lausan garð, sækir um garðinn og greiðir fyrir hann í stafrænu ferli. Samstarfsaðilar: Wise og Kortavefurinn	3-4 mánuðir, stefnt að nota sumarið 2022.	Kostnaður við innleiðingu áætlaður um 1 - 1,5 milljón
2.	Aðgangur í sundlaugar – stafræn sundkort kort keypt á vef Íbúar og aðrir notendur kaupa aðgang í sundlaugar Garðabæjar á netinu og fá stafrænt kort í símann sinn sem virkar í aðgangskerfi lauganna. Sjálfsafgreiðsla fyrir íbúa og þægindi að þurfa ekki að standa í röð og kaupa miða. Kortin týnast aldrei og minni soun þar sem plastkortin hætta	Vinna hófst sumarið 2021, áætlað að klárast feb/mars 2022. Áframhaldandi þróun næstu ár	1 milljón 2022
3.	Stafræn bókasafnskort – frekari þróun og tengingar Einfalt, stafrænt kort fyrir bókasafn Garðabæjar var tekið í notkun haustið 2021, frekari þróun er eftir á kortinu.	Á árinu 2022 stefnt að frekari þróun og tengingum við t.d. bókhaldskerfi	500.000 kr
4.	Stafrænn loftgæðamælir/mælar í Garðabæ. Samvinna með Heilbrigðiseftirliti og Umhverfisstofnun Í dag er enginn loftgæðamælir staðsettur í Garðabæ, 2 eru í Hafnarfirði og nokkrir í Kópavogi sem hafa nýst Garðabæ. Nú eru komnir nýir möguleikar á slíkum mælingum með stafrænum mælum tengdum GSM kerfi sem eru mun ódýrari en fyrri mælar, en ekki eins nákvæmir. Þarf að vinna með sérfræðingum í málaflokknum.	Enn í undirbúningsfasa, verður unnið árið 2022	2 milljónir
5.	Leikskólaumsóknir og upplýsingar um biðlista Nýtt umsóknaferli og betra gagnsæi fyrir foreldra á áætluðum tíma sem barn kemst að í leikskóla. Þarf að vinna með stöðu á biðlista og kerfum leikskóla. Í dag er þessi vinna að mestu leyti handgerð þannig að þróun er flókin.	Fyrsti fasi veturinn 2022-2023	2-3 milljónir

Verkefni nr.	Verkefni sem lagt er til að farið verði í	Tímalína – hvenær hægt að innleiða?	Áætlaður kostnaður
6.	Kerfi í velferðamálum og heimaþjónustu – áframhaldandi vinna Nokkur kerfi eru í notkun hjá sveitarfélögum á Íslandi, t.d. Care-on, Kara connect og Memaxi. Betri tenging við þjónustuþega og getur fækkað heimsóknum. Verið að meta þessi kerfi og Huginn care er í prufufasa hjá heimilum fatlaðra.	Allt ár 2022	2 milljónir
7.	Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla (sálfræði, talmeinafræði o.fl.) – áframhaldandi vinna Kerfi í þróun hjá One systems í samvinnu við Kópavog. Þarf að kaupa amk 2 kerfiseiningar, „One Psycho Consulting“, „One Portal Intranet“ til að ýta þessu úr vör. „One Sign“ kerfiseiningin var keypt 2021. Tilgangur er að bæta öryggi gagna í viðkvæmum málum, minnka handavinnu og pappírsgæslur á milli stofnana. Einnig er sjálfvirk skjölun í kerfinu og meira gagnsæi fyrir foreldra.	Er stórt kerfi sem verður í innleiðingarferli í nokkur ár	1-1,5 milljónir 2022, kostnaður næstu 2-3 ár
8.	Skráningar- og upplýsingakerfi fyrir Vinnuskólann – áframhaldandi vinna Núna er ekkert kerfi í Vinnuskólanum, umsóknir á ráðningavef og svo haldið utanum upplýsingar í Excel og í Vinnustund og H3 (kjaradeild). Vala kerfið er með vinnuskóla útgáfu sem Reykjavík og Kópavogur nota en verkefnið er í bið vegna mögulegrar innleiðingar á nýju launakerfi.	Undirbúningur 2022, innleiðing 2023	Ekki reiknað með kostnaði 2022
9.	Einfaldar reiknivélar á vef, fasteignagjöld, leikskólagjöld, o.fl Reiknivélar í notkun hjá Hafnarfirði, getum fengið að mestu endurgjaldslaust en þarf að aðlaga fyrir Garðabæ. Íbúinn slær inn t.d. fjölda barna og tekjur og fær upplýsingar um kostnað við t.d. leikskóla og tómstundaheimili og einnig upphæð fasteignagjalda miðað við ákveðnar forsendur.	Stefnt að fyrir haustið 2022 (mögulega sumarstarfsmaður í forritun)	500.000 kr